



Yfir níu hundruð manns við vígslu Glerárkirkju

Mikil hátíðarstemning ríkti er biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, vígði Glerárkirkju síðastliðinn sunnudag. Yfir níu hundruð manns voru viðstaddir athöfnina, sem tók hátt í þrjár klukkustundir. Með vígslu aðal kirkjunnar er miklum áfanga náð í byggingarsögu hennar. Íbúar Glerárhverfis hafa lyft Grettistaki með byggingu hennar, en framkvæmdum er nú nánast lokið. Auk þess að vera veglegt guðshús og glæsilegur útvörður byggðar Akureyrar í norðri, veitir hin nýja kirkjubygging möguleika til öflugr safnaðarlífs og fjölbreytilegra starfa er rúmast innan ramma kristinnar kirkju. Með kirkjubyggingunni hefur Glerársöfnuður eignast athvarf – fastan samastað um ókomna framtíð.

Athöfnin hófst með inngöngu biskups, presta, sóknarnefndarmanna, meðhjálpara og arkitekts kirkjunnar á meðan leikið var Largo, úr sönötu eftir Henry Eccles. Þá flutti meðhjálpari bæn og sunginn var sálmur. Því næst fór fram ritningarlestur er biskup Íslands, sóknarprestur, organisti og aðilar úr sóknarnefnd Lögmannshliðarsóknar önnuðust. Að því loknu vígði herra Ólafur Skúlason kirkjuna með þessum orðum.

„Vér höfum heyrt orð Drottins og beðist fyrir. Guðs orð og bæn in helga lífið og alla hluti. Drottinn Guð vor skal tilbedinn á þessum stað og honum einum þjónað. Hér er Guðs hús, hér er hlið himinsins, staðurinn, sem þú stendur á, er heilög jörð. Blessað sé þetta musteri Drottins. Blessað sé allt, sem hér fer fram. Blessað sé lífsins orð og lífsins borð. Blessaðar séu bænir og lofsöngvar. Blessaður sé hver sá, er hingað leitar á Drottins fund. Ég lýsi yfir því, að þetta hús er vígt í nafni Guðs, föður og sonar og heilags anda.“

Að því búnu flutti biskup Íslands bæn og sunginn var sálmurinn, Kirkja vor milda móðir, eftir Sverri Pálsson, fyrrverandi skólastjóra, við lag Áskels Jónssonar, fyrrum organista og kórstjóra Lögmannshliðarsóknar. Eftir lestur úr heilagri ritningu, sem sóknarprestur og aðilar úr sóknarnefnd önnuðust, flutti sóknarprestur guðspjall og trúarjátningu og að því loknu var frumfluttur sálmur eftir Kristján, skáld frá Djúpalæk, sem hann nefnir, í Glerárkirkju, við lag Áskels Jónssonar. Þá flutti biskup Íslands prédikun. Að

prédikun lokinni söng Óskar Pétursson, tenórsöngvari, Allsherjar Drottinn, eftir César Franck. Vígslubiskup Hólastiftis, Bolli Gústavsson þjónaði fyrir altari eftir prédikun og annaðist aðfararorð að altarisgöngu. Að henni lokinni var þjóðsöngurinn, Ó, Guð vors lands, sunginn.

Að lokinni sjálfri vígsluathöfninni fór fram afhending viðurkenninga til þeirra er lengst og mest höfðu unnið að kirkjumsíðinni. Þá voru einnig flutt ávörp gesta. Ávörp fluttu, Pálmi Matthíasson, fyrsti prestur Glerársafnaðar, Pétur Þórarinnsson, er var prestur safnaðarins um skeið, Birgir Snæbjörnsson, prófastur Eyjafjarðarprófastdæmis, Svanur Eiríksson, arkitekt kirkjunnar, og herra Pétur Sigurgeirsson,

biskup og sóknarprestur á Akureyri til margra ára. Þá afhenti Torfi Guðmundsson, formaður byggingarnefndar, Gunnhildi Ásgeirsdóttur, formanni sóknarnefndar, lykil að Glerárkirkju.

Sigríður Stefánsdóttir, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, flutti ávarp og færði hinni nývígðu kirkju peningaupphæð frá Akureyrarbæ. Þá færði Pálmi Matthíasson, fyrrum sóknarprestur, og Ingi Þór Jóhannsson, fyrrum formaður byggingarnefndar og síðar sóknarnefndar, kirkjunni messuhökul að gjöf ásamt fjölskyldum sínum. Glerárkirkju bærust auk þessa fjöldi góðra gjafa í tilefni af vígslunni. Að lokinni athöfn var kirkjugestum boðið til kaffidrykkju í Glerárkirkju og safnaðarheimili Glerársóknar. PI



Afsökunarbeiðni

Undanfarin átta ár hafa margir aðilar unnið að uppbyggingu kirkjunnar okkar. Vegna þessara tímamóta ákvað sóknarnefnd að veita fjölmörgum aðilum viðurkenningu fyrir vel unnin störf eða stuðning við bygginguna á þessu tímabili.

Við vígsluathöfnina sjálfa var nokkrum aðilum afhent viðurkenning. Á næstunni verður öðrum send þakkarbréf og viðurkenning. Eftir vígsluna hefur sóknarnefnd fengið sterk viðbrögð vegna vals á þeim, sem fengu sínar viðurkenningar afhentar við athöfnina. Þar fengu tveir af fjórum sóknarprestum, sem þjónað hafa Glerárprestakalli, afhenta viðurkenningu.

Viðbrögðin eru þau, að sjálf-sagt og eðlilegt hefði verið að fyrrverandi sóknarprestur okkar sr. Pétur Þórarinnsson, fengi sína viðurkenningu afhenta við

þessa athöfn. Sóknarnefnd þykir mjög miður að hafa brugðist vilja safnaðarins í þessu viðkvæma máli.

Sóknarnefnd biður sr. Pétur Þórarinnsson opinberlega afsökunar á þeim mistökum sínum að athenda honum ekki sína viðurkenningu við vígslu Glerárkirkju. Jafnframt er söfnuður Lögmannshliðarsóknar beðinn afsökunar á þessari tilhögun, sem ekki var samkvæmt vilja safnaðarins, eins og fram hefur komið.

Það er von sóknarnefndar Lögmannshliðarsóknar, að starf þessa safnaðar blómstigi og eflist á komandi árum. Jafnframt þökkum við öllum, sem stutt hafa kirkjuna okkar og starfað við hana og biðjum þeim Guðs blessunar í framtíðinni.

Sóknarnefnd Lögmannshliðarsóknar.



Herra Pétur Sigurgeirsson, biskup, Birgir Snæbjörnsson, prófastur Eyjafjarðarprófastdæmis og Gunnlaugur Gardarsson, sóknarprestur í Lögmannshliðarsókn, hlýða á prédikun herra Ólafs Skúlasonar.



Séð inn eftir kirkjugólfinu. Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason, fyrir altari.



Glerárkirkja var þétt setin. Á myndinni er sá hluti kirkjugesta er sat í safnaðarheimilissalnum.



Kirkjukór Glerárkirkju.



Gunnhildur Ásgeirsdóttir, formaður sóknarnefndar og Torfi Guðmundsson formaður byggingarnefndar Glerárkirkju.

Myndir: Robyn